

REGLUGERÐ

um útgáfu húsbrefa á árinu 2001 fyrir Íbúðalánasjóð.

1. gr.

Félagsmálaráðherra hefur ákveðið, á grundvelli laga um húsnæðismál nr. 44/1998, að Íbúðalánasjóður gefi út 1. og 2. flokk húsbrefa 2001.

Húsbref beggja flokkanna skulu rafrænt eignarskráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og er grunneining flokkanna kr. 1. Vextir í 1. og 2. flokki 2001 eru 4,75% á ári. Lánstími bréfa í 1. flokki skal vera 25 ár og í 2. flokki 40 ár.

Samanlögð fjárhæð samþykktara skuldabréfaskipta úr 1. og 2. flokki 2001 ásamt 1. og 2. flokki 1998 skal ekki fara umfram 26.700 milljónir króna á árinu 2001 m.v. reiknað markaðsvirði húsbrefanna.

Reiknað markaðsvirði skal ákvarðað þannig að mánaðarlega verði fundið sennilegt nafnverð þeirra húsbrefa, sem skipta á fyrir fasteignaveðbréf og skal það ákvarðast með hliðsjón af meðaltali reiknaðs verðs húsbrefa í viðkomandi mánuði. Þannig fundið reiknað nafnverð húsbrefa skal síðan reikna til markaðsvirðis miðað við meðalviðskiptaverð viðkomandi flokks á Verðbréfaþingi Íslands. Hafi engin viðskipti átt sér stað með viðkomandi húsbrefaflokk í þeim mánuði, sem útreikningar ná til, skal reikna meðalviðskiptaverð út frá ávöxtunarkröfu sambærilegs húsbrefaflokks á Verðbréfaþinginu.

2. gr.

Húsbref eru greiðsla Íbúðalánasjóðs við kaup sjóðsins á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbrefin skulu rafrænt eignarskráð hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og skulu vera skráð þar á nafni og kennitölu eigenda þeirra. Meðferð húsbrefa sem rafbréfa skal vera í samræmi við lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa nr. 131/1997 með síðari breytingum.

4. gr.

Húsbref eru verðtryggð miðað við vísitölu neysluverðs skv. lögum um vísitölu neysluverðs nr. 12/1995 og vaxtalögum nr. 25/1987, með síðari breytingum. Grunnvísitala flokkanna er vísitala marsmánaðar 2001.

5. gr.

Íbúðalánasjóður greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbrefa skv. breytingum á vísitölu neysluverðs frá útgáfudegi bréfanna, 15. mars 2001 til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. mars 2001.

6. gr.

Íbúðalánasjóður innleysir og endurgreiðir húsbref flokkanna að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. mars, 15. júní, 15. september og 15. desember ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. september 2001. Húsbrefaflokkunum skal lokað eigi síðar en 15. júní 2003. Dregin verða út húsbref úr gildum óinnleystum húsbrefum, sem afgreidd hafa verið daginn fyrir gjalddaga. Í hverjum útdrætti er heimilt að draga út húsbref fyrir þá fjárhæð, sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkana gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Verði húsbréf ekki dregin út, greiðast þau að fullu á lokagjalddaga. Lokagjalddagi 1. flokks er 15. mars 2026 og 2. flokks 15. mars 2041. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa Íbúðalánasjóðs undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fynast sé þeim ekki lýst hjá Íbúðalánasjóði innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða. Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer samkvæmt ákvæðum laga um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981, með síðari breytingum.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 22. gr. og 29. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998 öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 22. mars 2001.

Páll Pétursson.

Ingi Valur Jóhannsson.

AUGLÝSING

um bann við vörslu og meðferð ávana- og fíkniefnis.

Samkvæmt heimild í 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 með síðari breytingum er hvers konar varsla og meðferð kókaíns óheimil.

Á þetta jafnt við um sölt kókaíns og hvers konar samsetningar að undanskilinni kókaínlausn 4% (Solutio cocaini 4% Ph.Nord.) sem heimilt verður að nota einvörðungu við augnaðgerðir.

Þetta birtist hér með til eftirbreytni þeim er hlut eiga að máli.

Með auglýsingu þessari, sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi auglýsing með sama heiti nr. 314/1981.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 23. mars 2001.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Ingolf J. Petersen.